

Bstj. 4. nóvember 2008

Utan dagskrár

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég ætla að mæla hér fyrir tillögu og óska eftir því að leitað verði afbrigða til þess að hún verði sett á dagskrá þar sem lagt er til að:

Reykjavíkurborg efni til samvinnu og samráðs við mótun nýrrar atvinnustefnu og stuðning við sóknarfæri Reykjavíkurborgar til framtíðar. Reykjavíkurborg hafi forystu um sameiginlega tillögugerð með eftirtöldum aðilum:

a) Ríkisstjórn, ráðuneytum og öðrum sveitarfélögum um nauðsynlegar aðgerðir til að lina höggið vegna falls fjármálakerfis landsins á heimili og fyrirtæki borgarinnar.

b) Viðsemjendum á vinnumarkaði um aðgerðir og ákvarðanir til að vinna gegn atvinnuleysi, þróa úrræði og endurmenntunarkosti fyrir atvinnulausa og standa eins og kostur er vörð um kjör starfsfólks og almennings og tryggja stöðugleika á vinnumarkaði.

c) Samtök í atvinnulífi um fjárfestingarstefnu, forgangsörðun verklegra framkvæmda og áherslur í uppbyggingu innviða Reykjavíkur, Orkuveitu Reykjavíkur og Faxaflóahafna til framtíðar.

d) Háskóla Íslands, Háskólann í Reykjavík og Landsspítalann um hvernig Reykjavíkurborg geti stutt eða stuðlað enn frekar að uppbyggingu þekkingarklasa og vísindagarða í Reykjavík.

Lagt er til að kortlögð verði þau tækifæri sem geti falist í auðu og óseldu húsnæði víðs vegar um borgina, umfang þess og staðsetningu. Sérstaklega verði kannað hvar ýmiss konar nýsköpunarsetur, sprotahótel og/eða listasmiðjur geti átt heima.

Þá er lagt til að Reykjavíkurborg efni til víðtækrar stefnumótunar og samráðs við samtök í atvinnulífi og fulltrúa fyrirtækja til að skilgreina stöðu, styrkleika og sóknarfæri atvinnulífs Reykjavíkurborgar og skilgreina hvernig Reykjavíkurborg geti stuðlað að aukinni samkeppnishæfni og uppbyggingu blómlegs atvinnulífs til skamms og langs tíma. Meðal áherslusviða verkefnisins og sóknarfæra sem horft verður til verði:

- a) Ferðamannaborgin Reykjavík
- b) Hafnarborgin Reykjavík
- c) Heilsuborgin Reykjavík
- d) Kvikmyndaborgin Reykjavík
- e) Menningarborgin Reykjavík
- f) Orkuborgin Reykjavík
- g) Skólaborgin Reykjavík
- h) Tónlistarborgin Reykjavík
- i) Verslunarborgin Reykjavík
- j) Þekkingarborgin Reykjavík (nýsköpun, rannsóknir og þróun)
- k) Þjónustuborgin Reykjavík

Bstj. 4. nóvember 2008

Til að leiða verkefnið verði skipaður fimm manna stýrihópur með skipaður verði fulltrúum bæði meiri- og minnihluta borgarstjórnar. Stefnt verði að því að helstu niðurstöður vinnunnar liggi fyrir í upphafi árs 2009 og verði liður í undirbúningi þriggja ára áætlunar. Hópurinn leggi tíma- og verkefnisáætlun ásamt fjárhagsáætlun fyrir borgarráð.

Tillögunni fylgir greinargerð en ég óska eftir því að forseti leiti afbrigða áður en ég mæli frekar fyrir henni.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Eins og fram kom hjá borgarfulltrúanum þarf að leita afbrigða og ég geri það hér með. Þeir sem samþykkja að taka tillöguna á dagskrá gefið merki. Það er samþykkt samhljóða. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson.

Utan dagskrár

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil byrja á því að þakka fyrir það að orðið er við ósk um afbrigði. Þessi tillaga er framkomin af alkunnum ástæðum.

Umrót og alvarleg staða í efnahagsmálum kallar vitanlega á tafarlaugar aðgerðir til að standa vörð um heimili, fyrirtæki og allan almenning á Íslandi og þessi tillaga gerir ráð fyrir því samráði sem nauðsynlegt er til þess. Meginefni hennar fjallar hins vegar um þá brýnu nauðsyn sem er ekki síður að samhliða verkefnum dagsins verði leidd fram og kynnt kraftmikil sýn á framtíðina og hvernig Ísland og Reykjavík snýr vörn í sókn. Það þarf að endurvekjast traust á stjórnmalunum, fjármálalífi og stofnunum samfélagsins en síðast en ekki síst þarf að skapa trú á framtíðina um allt samfélagið. Það má eiginlega segja að við stöndum frammi fyrir tvíþættum vanda. Annars vegar er það efnahagsvandinn og síðan er það hætta sem við stöndum frammi fyrir að töluvert stór hópur fólks flytjist búferlum til annarra landa í leit að betra lífi og við þurfum að tryggja með samstöðu okkar og vinnu að það fólk sjái framtíð sína hér á landi og í Reykjavík.

Það er ljóst að þróun Reykjavíkur og hvernig til tekst við að nýta sóknarfærin í atvinnulífi höfuðborgarsvæðisins getur einfaldlega ráðið úrslitum um það hvernig tekst að virkja þann mannauð sem hefur á undanförunum dögum og vikum misst atvinnu eða á það á hættu. Það er mikilvægt að borgarstjórn setji atvinnumálin og atvinnustefnu í forgang og horfi til framtíðar í því efni. Eins og borgarstjórn er kunnugt hefur Samfylkingin undanfarin misseri flutt fjölda tillagna á vettvangi borgarstjórnar sem okkur finnst eðlilegt að komi nú til enn frekari skoðunar og framkvæmdar vegna þess að þær hafa verið látnar liggja á milli hluta í ýmsum efnunum.

En þetta verkefni í raun snýr að öllum sveitarfélögum landsins því að það er sannfæring þess sem hér stendur og margra fleiri að vinna við framtíðarsýn fyrir samfélög framtíðarinnar með áherslu á nánasta umhverfi íbúanna, sveitarfélögin, er nú mikilvægari en nokkru sinni fyrr því öflug og samþætt atvinnu-, þjónustu- og búsetusvæði hringinn í kringum landið eru lífssnauðsyn þannig að viðspyrna fái til að byggja upp eftir áföllin sem við erum nú að ganga í gegnum.

Fyrirmyndin að þessari tillögugerð, hugmyndafræðin eða öllu heldur aðferðafræðin við hvernig þetta er lagt upp er að ýmsu leyti sótt til þess hvernig nágrannahjóðir okkar og ekki síst Finnar brugðust við sinni kreppu í upphafi 10. áratugarins. Á fundi framtíðarhóps Samfylkingarinnar á sveitarstjórnarstigi liðna helgi kynnti Stefán Ólafsson prófessor við Háskóla Íslands finnsku leiðina út úr kreppunni. Hún fólst í þrennu. Í fyrsta lagi var sótt um aðild að ESB til að auka traust á finnsku viðskiptalífi og stuðla að langtímastöðugleika í efnahagsmálum. Í öðru lagi var byggt á norrænum velferðaráherslum til að styðja við heimilin og einstaklinga sem urðu fyrir verulegri tekjuskerðingu og erfiðleikum vegna samdráttar í þjóðarþúskapnum. Síðast en ekki síst settu Finnar fram nýja atvinnustefnu sem mótuð var í breiðu samráði stjórnvalda, atvinnulífs, verkalyðshreyfingar og háskóla. Meðal annars var komið á fót þekkingarþyrpingum við 20 helstu háskóla Finnlands þar sem þekkingarfyrirtæki,

Bstj. 4. nóvember 2008

frumkvöðlasetur og sprotafyrirtæki mynduðu þétt samstarfsnet og byggt var upp stoðkerfi nýsköpunar til að góðar hugmyndir yrðu að góðum fyrirtækjum og atvinnutækifærum. Ljóst er að Íslendingar geta mikið lært af Finnum, og öðrum þjóðum, sem tekist hefur að vinna sig út úr svipuðum þrengingum og við stöndum nú frammi fyrir. Hér tel ég og ég held að það hljóti að vera samstaða um það í borgarstjórninni að Reykjavík eigi að hafa metnað til að vera í fararbroddi.

Mikilvæg stefnumörkun sem tengist afmörkuðum þáttum ofangreindrar tillögu liggur raunar þegar fyrir á vettvangi borgarstjórnar. Við getum nefnt ferðamálafestefnu Reykjavíkur, stefnumörkun um uppbyggingu Vatnsmýrarinnar og önnur stefnumörkun úr aðalskipulagi borgarinnar, sem og stefnu og samninga Orkuveitu Reykjavíkur um stofnun Orkuháskólans REYST, þetta er misritað í greinargerð, ég mun laga það áður en þetta fer, það hafa fallið út tveir stafir, og lagningu ljósleiðara um allt starfssvæði fyrirtækisins, svo fátt eitt sé nefnt.

Af fyrri tillöguflutningi sem tengjast ofanefndu má nefna tillögu sem hér hefur verið talað fyrir í borgarstjórn um uppbyggingu þekkingarklasa í Vatnsmýrinni þar sem lagt var til að borgarstjórn samþykkti að beita sér fyrir uppbyggingu þekkingarklasa í Vatnsmýri í tengslum við uppbyggingu Háskólans í Reykjavík, Landspítala-háskólasjúkrahúss og svæðis Háskóla Íslands. Þá má nefna tillögu um að borgarráð samþykki að stefnt verði að því að alþjóðleg miðstöð um þróun hreinnar orku rísi í Vatnsmýri. Þá má nefna samþykkt borgarráðs um Kvikmyndaborgina Reykjavík sem gerð var í upphafi ársins, endurskoðun menningarstefnunnar sem nú stendur yfir og þannig mætti áfram telja.

Stór hluti verkefnisins sem framundan er felst engu að síður í því að takast á við áskoranir sem leiða af gjörbreyttu efnahagssumhverfi og laða til verka með okkur þau framfaraöfl sem í borginni búa þannig að Reykjavík geti leitt uppbyggingu kraftmikils atvinnulífs til framtíðar. Undir því eigum við öll og Ísland raunar allt geysilega mikið.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Þá tekur til máls hæstvirtur borgarstjóri.

Utan dagskrár

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég vil byrja á því að þakka borgarfulltrúanum fyrir að taka þetta mál hér á dagskrá og flytja þessa tillögu sem ég held að sé gott innlegg í umræðuna sem hefur verið um þetta mál að undanfögnu og það er mjög margt í þessari tillögu sem hefur verið til umræðu á vettvangi aðgerðahópsins sem starfar, þverpólitískur hópur á vettvangi borgarstjórnar, þar sem við höfum rætt ýmislegt af því sem hér kemur fram, sem breytir þó engu um það að tillagan er þörf og góð og ég legg til að henni verði vísað til frekari vinnslu á vettvangi aðgerðahópsins sem heldur utan um þessi málefni sem tengjast þeirri stöðu sem nú er uppi í íslensku efnahags- og atvinnuumhverfi.

Það eru nokkrir hlutir, forseti, sem mig langar til þess að nefna vegna þess að við höfum, eins og ég segi, verið að vinna að þessu inni í aðgerðahópnum og í framhaldi af því hef ég haft samband við nokkra aðila er tengjast þessu og eru nefndir hér. Við höfum svona notað ákveðið vinnuheiti hvað þetta varðar inn á skrifstofu borgarstjóra um þessi mál. Við höfum verið að tala um það að vinna ákveðna sóknaráætlun fyrir Reykjavíkurborg sem lýtur að þessum verkefnum sem við stöndum frammi fyrir og krefjast náttúrliga ákveðinnar endurskoðunar og endurhugsunar á öllu því sem við höfum einhvern veginn litið á sem gefna stærð í langan tíma. Það þarf að endurhugsa það og það gerist þörf á ákveðinni endurskoðun sem ég held að við eigum sannarlega að fara inn í hér með opin augu og reiðubúin til þess að skoða alla kosti.

Ég er sannfærð um að Reykjavíkurborg er heimsins besta höfuðborg og borg sem er full af tækifærum og er það líka við þær aðstæður sem hér eru og við verðum sem borgaryfirvöld að átta okkur á því hvernig við vinnum best með það. Þess vegna held ég að það sé markvisst og gott að við tökum á því af festu. Ég hef, forseti, vegna þessa, bæði rætt við aðila úr atvinnulífinu og við aðila úr háskólasamfélaginu. Ræddi til að mynda síðast í dag við aðila frá Samtökum atvinnulífsins og frá Háskólanum í Reykjavík með það að markmiði að fá þá aðila til þess að koma að slíkri vinnu með okkur í aðgerðahópnum eins og við höfum verið að ræða.

Bstj. 4. nóvember 2008

Mig langar hins vegar aðeins, vegna þess að hér er rætt um, í þessari ágætu tillögu er til dæmis rætt um í fyrsta tölulið tillögunnar er rætt um samráð við ríkisstjórn, ráðuneyti og önnur sveitarfélög. Ég vil nú meina að við séum svona á ágætis ferð í þessu öllu saman og til að mynda hefur Samband íslenskra sveitarfélaga komið mikið að þessu. Eins Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu sem eru í mjög náinni samvinnu hvað varðar aðgerðir við þessar aðstæður. Bæði eru við, framkvæmdastjórn sveitarfélaganna, fundum mjög reglulega um þessi mál og höfum reynt að vera að vinna svona nokkuð í takt hvað það varðar og að auki hafa fulltrúar frá velferðarsviði allra þessara sveitarfélaga og menntasviðum og nú síðast mannauðsstjórnar sem hittast reglulega til þess að tryggja að þessi sveitarfélög séu að vinna að hlutunum með nokkuð svipuðum hætti.

Svo hefur Sambandið, og þá aðallega formaður Sambandsins og varaformaður, borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir og við búum að því í aðgerðahópnum, hún hefur haldið okkur mjög vel upplýstum um það sem er að gerast á vettvangi Sambandsins og þeim samtölum sem menn þar eiga á vettvangi við ríkisstjórn og ráðuneyti. Þannig að þetta hefur verið í svona ágætum farvegi þrátt fyrir að auðvitað megi alltaf bæta úr þeim samskiptum og tryggja að þau verði þéttari.

Varðandi það sem er nefnt hér, viðsemjendur á vinnumarkaði, þá held ég að það sé mikilvægt og er eins og við höfum verið að hugsa það og líka samtök í atvinnulífinu og sannarlega háskólana og það unga fólk og það hugvit sem þar er. Ég held hins vegar og vildi bara nefna það, ekki þar fyrir að ég er viss um að tillöguflýtyjandi hefur hugsað það eins og ég, ég tel að í þessari sóknaráætlun sem við þurfum að gera fyrir borgina við þessar aðstæður og tryggja það að við nýtum öll þau tækifæri sem hér eru sem best, að þá verði menn ekki einungis að leita til fagaðila, stofnana og sérfræðinga heldur líka til íbúanna sjálfra. Vegna þess að ég held að úti í okkar góða samfélagi og meðal íbúanna okkar séu fullt fullt af hugmyndum og fullt af sóknarfærum sem við eigum að nýta borginni til heilla og borgarbúum til heilla.

Þannig að mér finnst mikilvægt að við innvinklum það í þessa vinnu að við tryggjum það að borgarbúar, starfsmenn borgarinnar og aðrir þeir sem hér lifa og starfa frá degi til dags hafi aðkomu að slíkri vinnu og veit að tillöguflýtyjandi er mér sammála í því. Þannig að þetta var nú það helsta sem ég vildi nefna, ég tel,

Bstj. 4. nóvember 2008

eins og ég segi, að þetta sé þarft og gott verkefni og við eigum að taka það til meðhöndlunar og til vinnslu inni í aðgerðahópnum. Líka vegna þess og það er það sem er svo mikilvægt í þessu og þessi tillaga endurspeglar, að það sem hefur verið lögð öll áhersla á við þessar aðstæður í Reykjavík og ég held að hafi skipt öllu máli fyrir borgina okkar er að menn hafa sameinast í þessari vinnu og unnið hana sem einn maður og það hefur verið mjög kröftugt og öflugt samstarf okkar á milli og ég held að við eigum að halda því áfram og þess vegna ætla ég mér að taka þetta inn í aðgerðahópinn, þá vinnu sem þegar hefur verið unnin á minni skrifstofu vegna þess að ég held að það sé mikilvægt að við komum öll að þessu og þetta verði sami sáttatónninn og hér hefur verið og menn séu allir að leggja sín lóð á vogarskálarnar í þessu verkefni. Ég held að það sé til mjög mikils unnið að gera það með þeim hætti og veit að flestir eru mér sammála um það.

Þannig að ég ætla, hæstvirtur forseti, að leggja til að þetta fari inn í aðgerðahópinn og að við fáum þetta til umfjöllunar þar eins og fjölda annarra góðra mála og sameinumst um að útbúa einhvers konar áætlun eða tillögu sem miðar að því að vinna einhvers konar sóknaráætlun fyrir Reykjavíkurborg sem mætir því ástandi sem nú er og tryggir að þegar við horfum til baka eftir 1-2 ár getum við með sanni sagt öll sem hér sitjum að við höfum brugðist við því ástandi af ábyrgum og traustum hætti og tryggt að tækifærin væru ennþá helst og flest hér í Reykjavík.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið máli sínu. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur óskað eftir að veita andsvar.

Bstj. 4. nóvember 2008

Utan dagskrár

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil fyrst og fremst koma hér og bregðast við og þakka fyrir þau góðu viðbrögð sem þessi, þannig að ég sé nú bara ærlegur, seint fram komna tillaga fær hjá borgarstjóra og geri ekki athugasemdir heldur þvert á móti fagna því að hún fari inn á borð aðgerðahópsins og það er sjálfsagt, eins og borgarstjóri nefnir, að fara yfir hvaða hlutir í þessu eru þegar komnir í einhvers konar farveg og straumlínulaga þetta.

Það var satt best að segja sérstök hvatning að koma með þetta inn á þennan fund af því að þetta var langt komið í vinnu hjá okkur eftir að, og ég held ég sé ekki að upplýsa um nein leyndarmál, að borgarstjóri opnaði á það eða beinlínis hvatti til þess á síðasta fundi aðgerðahópsins að fulltrúar minnihlutans þar myndu hugleiða hvaða verkefni sem féllu undir starf hans þeir hefðu áhuga á að leiða sjálfir. Þá hugsanlega sérstök áhugamál eða verkefni sem væru að okkar mati mikilvæg og það má eiginlega segja að þessi pakki hér eða hluti af honum, þessi stefnumótun, myndi sannarlega falla undir þann flokk í þessu valdreifingarsamhengi.

En auðvitað er líka mikilvægt að við séum sammála um þá tóna skulum við segja sem eigi að gefa í því og að þetta samráð verði markvisst en leiði býsna hratt fram sýn á það hvernig við sjáum sóknarfæri borgarinnar. Ég kunnir bara ekki við að hafa sömu yfirskrift og við erum með á fundaröð Samfylkingarinnar, „úr vörn í sókn á Íslandi“ og „úr vörn í sókn í Reykjavík“ en það myndi sennilega tóna við það ef við viljum kalla þetta sóknaráætlun.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið við að veita andsvar. Hæstvirtur borgarstjóri svarar andsvari.

Utan dagskrár

Borgarstjóri Hanna Birna Kristjánsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég held að ég þurfi nú ekkert að ítreka það og borgarfulltrúinn veit það og við Óskar Bergsson, sem er formaður aðgerðahópsins, höfum ítrekað nefnt það að þessi hugmynd okkar um að vinna þetta í sameiningu lýtur auðvitað að því að hafi minnihlutinn áhuga á að koma að þessu með okkur með sýnilegri hætti en hann hefur gert, hann hefur gert það með mjög sýnilegum og öflugum hætti að undanförunu, þá erum við alveg reiðubúin í það samtal enda held ég að þetta sé ástand sem að krefst annarra vinnubragða og krefst þess að allir taki höndum saman og vinni að þessu sem einn maður vegna þess að góð verk vinnast einmitt þannig þegar menn eru ekki uppteknir af því hver hlýtur á endanum aðal lofið fyrir það.

Þannig að kjósi minnihlutinn og finnum við á því flöt að fara fyrir einhverjum hluta af þessu þá erum við alveg til viðræðu um það vegna þess að ég held að krafta okkar sé sannarlega, það sé not fyrir krafta allra við þessar aðstæður. Þannig að ég, enn og aftur, hæstvirtur forseti, fagna þessu enda er, eins og Dagur B. Eggertsson sagði, í góðu samræmi við það sem við höfum verið að ræða og svo höldum við áfram að útfæra þetta og ég ítreka afstöðu mína að ég tel mikilvægt að íbúar í Reykjavík og þeir sem lifa hér og starfa frá degi til dags fái aðgang að þeirri vinnu.

Forseti: Hæstvirtur borgarstjóri hefur lokið við að svara andsvari. Þá tekur til máls borgarfulltrúi Óskar Bergsson.

Utan dagskrár

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Ég vil slá aðeins annan tón en borgarstjóri gerir vegna tillögunnar þar sem hún tekur málið bara beint í fangið og tekur henni fagnandi og ég í sjálfu sér tók tillögunni fagnandi þar sem hún kemur hérna með afbrigðum inn á fund borgarstjórnar vegna þess að ég nýtti mér það nú sjálfur hér í mínum tíma í minnihluta í Borgarstjórn Reykjavíkur að bera mál hér upp utan dagskrár með ágætum árangri og taldi og tel í raun og veru að sú staða komi oft upp við aðstæður að mál nái ekki inn á dagskrá á tilskildum tíma og því sé alveg sjálfsagt og eðlilegt að taka mál inn með þessum hætti.

Ég hugsaði með mér þegar ég heyrði af tillögunni áður en ég sá hana, ég sá hana reyndar ekki fyrr en eftir að tillöguflutjandi hafði lokið máli sínu, að þetta væri í raun og veru gott framtak og ákveðin afurð þess samstarfs sem við höfum haft uppi í aðgerðahópnum allar götur frá því í ágúst. En síðan þegar ég sé tillögurnar þá blasir við að þetta er meira og minna það sem Reykjavíkurborg og það sem Borgarstjórn Reykjavíkur hefur verið að gera síðan í ágúst. Í öllum meginatriðum er þetta það sama. Þess vegna er ekki hægt annað en að spyrja borgarfulltrúa Dag B. Eggertsson og tillöguflutjanda hér hvar hann er búinn að vera meðan við erum búin að vera að semja aðgerðaáætlun Reykjavíkurborgar vegna þess að í öllum meginatriðum er hér verið að slá sama tóninn. Úr því að það hefur verið haft á orði hér í borgarstjórn í dag að menn séu með sýndarmennsku í tillöguflutningi þá verður hver að svara því fyrir sig.

Ég velti því fyrir mér að menn eru að tala um samráð við fjölmarga aðila í samfélaginu og þeir eru tilteknir, þá hefur það verið gert svo því sé til haga haldið hér í Borgarstjórn Reykjavíkur og ég hélt að allir borgarfulltrúar vissu af því samráði. Ég tala nú ekki um þá sem eiga sæti í stýrihópnum eða aðgerðahópnum réttara sagt. Mér finnst mikilvægt að það komi fram að meira og minna, þó með öðru orðalagi sé, þá er þessi vinna í gangi. Hún var sett í gang í ágúst þar sem í raun og veru voru blikur á lofti í íslensku efnahags- og atvinnulífi en enginn gerði sér í hugarlund fyrir hverju við myndum standa frammi fyrir sem við stöndum frammi fyrir í dag.

Bstj. 4. nóvember 2008

Og af því að framtíðarhópur Samfylkingarinnar er nú sérstaklega nefndur hér í þessari greinargerð og hann gerður að umtalsefni hér þá er svo sem ekki úr vegi að víkja aðeins að honum sérstaklega úr því að hann er tekinn hér sérstaklega og dreginn fram í dagsljósið að ég man fyrst eftir framtíðarhópi Samfylkingarinnar þegar núverandi formaður Samfylkingarinnar var þar formaður. Tók að sér formennsku og forystu í framtíðarhópi Samfylkingarinnar. Þetta hefur sennilega verið á árunum 2004, 5, 6. Og þá átti að greina framtíð Íslands. Þá var Samfylkingin í stjórnarandstöðu og það átti að leggja línurnar. Vonarpeningur og framtíðarleiddtogi flokksins tók verkefnið að sér.

Framtíð Samfylkingarinnar og framtíðarsýn Samfylkingarinnar árin 2003, 2004 og 2005 er raunveruleikinn í dag. Nú er Samfylkingin komin í ríkisstjórn og framtíð Samfylkingarinnar blasir við okkur sem nútíðin. Þannig að ég segi það bara að auðvitað tókum við tillöguna inn í aðgerðahópinn og vinnum með hana þar en það veldur mér vissulega vonbrigðum að oddviti annars minnihlutflokksins sem á sæti í aðgerðahópnum skuli eftir tveggja til þriggja ára samstarf í hópnum bera fram tillögu sem er í raun og veru búin að vera í fullri vinnslu allan þann tíma.

Jæja, sagði hann þegar hann vaknaði og það er kannski orðið tímabært að Samfylkingin vakni til lífsins í þessu máli hér.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið máli sínu og þá tekur næst til máls borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir.

Utan dagskrár

Svandís Svavarsdóttir: Forseti, borgarfulltrúar. Ég ætla nú ekki að blanda mér sérstaklega í hnútukast þeirra félaga minna Dags B. Eggertssonar og Óskars Bergssonar að því er varðar framsetningu og form á framtíðarhópa allra tíma. Hins vegar tel ég kannski að tillagan sem hér er lögð fram beri fyrst og fremst með sér að hér fer ábyrgur minnihluti sem er með alvöru tillögur. Hún er náttúrliga seint fram komin eins og hér hefur komið fram en þá er ljóst að þarna á eftir að brýna hana töluvert betur, það eru nokkur atriði sem mætti skerpa á eins og eðlilegt er.

Þetta er fyrst og fremst afar gott innlegg inn í þá vinnu sem aðgerðahópurinn hefur með höndum og að því er varðar þessa framtíðarsýn atvinnulífsins og þessa sóknaráætlun sem var orð sem ég held að borgarstjóri notað yfir þessa hugsun. Þau sjónarmið sem ég myndi vilja nefna hér inn, og ég geri nú ráð fyrir því að eitthvað af þessu tagi verði rætt hér í borgarstjórn með betri fyrirvara og þannig að fólk hafi betra rými til þess að setja sig inn í mál, er í fyrsta lagi þessi grundvallar sjónarmið nýsköpunarinnar sem eru menning og listir og menntir og það er að segja aðkoma hinna skapandi stétta ef svo má segja.

Það er að segja allra þeirra stétta sem hafa sköpun að atvinnu. Það geta verið listamenn og arkitektar og þeir sem hafa þann starfa að búa til eitt úr öðru. Þessar stéttir eru algjörlega lykillinn að endurmótun og uppbyggingu samfélagsins og það er það sem skiptir gríðarlega miklu máli; að endurmeta. Það er að segja þunga afkomu þeirra hópa. Þannig að við freistumst ekki bara til þess að reyna að klastra saman því sem fyrir var heldur til þess að hafa kjark í það að þurrka af borðinu svo ég taki nú líkingamál sem er ögn kvenlægra en það sem hefur verið notað hér í öllum þeim brimsköflum sem hafa verið notaðir í umræðunni.

Önnur sjónarmið sem ég vil nefna hér sem verða náttúrliga hér sérstaklega á dagskrá fundarins í dag eru kynjasjónarmið sem eru gríðarlega mikilvæg líka því að það er lag þegar hrunið hefur orðið þvílíkt sem hér við blasir að taka þau inn með nýjum og afgerandi hætti en það sem að er þó kannski brýnast eru þau verkefni sem blasa við í núinu. Það er að segja þau neyðarviðbrögð eða viðbragðsáætlun sem þarf til að bregðast við breytingum á vinnumarkaði núna. Þó að þessi vinna sé vissulega dýrmæt og ekki síst til þess að við öll sjáum nú til

Bstj. 4. nóvember 2008

sólar inn í framtíðina, rauðsólar jafnvel svo maður bregði nú fyrir sig öðrum góðum brandara.

Atvinnuleysið og uppsagnirnar hafa verið með þeim hætti núna alveg á undanförnum dögum að atvinnuleysistöflur hafa farið miklu meira hækkandi síðustu daga eða hafa farið upp í 100 uppsagnir á dag núna allra síðustu daga og munu hækka þegar kemur að lokum uppsagnafrests starfsmanna, það er að segja að atvinnuleysistöflurnar sjálfar eru ekki farnar að skila sér inn fyrr en að kemur að lokum uppsagnarfrestsins og það verða þá náttúrlega skriður. Ástandið er mjög alvarlegt líka eins og kom fram í máli borgarfulltrúa hér í fyrsta dagskrármálinu að því er varðar smærri atvinnurekendur og þá sem eru að vinna hér á byggingamarkaði.

Það sem er kannski alvarlegast af öllu er það að viðhorf almennings til atvinnuástands hefur hríðversnað. Það er þetta vonleysi sem hefur verið að læsast um samfélagið og þá ekki síst í ljósi vaxtahækkunarinnar sem kom mjög mörgum illa og ég er ekki frá því að sá dagur sem fól í sér stýrivaxtahækkun upp í 18% hafi markað ákveðin þáttaskil í tilfinningu Íslendinga fyrir kreppunni og því ástandi sem við blasti. En þetta verður nú svosem allt saman frekar til umræðu hér á dagskrá fundarins en ég vildi nefna þetta þrennt, það er að segja í fyrsta lagi með aðkomu hinna skapandi stétta ef svo má segja, í öðru lagi kynjasjónarmiðin og svo í þriðja og kannski mikilvægasta lagi það sem við gætum kallað neyðaráætlun eða viðbragðsáætlun við atvinnuleysi.

Forseti: Borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir hefur lokið máli sínu. Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur óskað eftir að taka til máls.

Utan dagskrár

Dagur B. Eggertsson: Forseti, ágæta borgarstjórn. Ég vil ítreka þakkir fyrir þau viðbrögð sem þessi tillaga hefur fengið og hlakka til að vinna áfram á hennar grunni inni í aðgerðahópnum. Mér er skapi næst að dvelja ekki neitt við skens og skæting borgarfulltrúa Óskars Bergssonar, ég skil ekki alveg hvaðan hann sækir gremju sína. Mér finnst gott að heyra að einhver samtöl hans og borgarstjóra hafi farið fram við aðila á vinnumarkaði og aðra en það samráð sem aðgerðaáætlunin kveður á um, það er að segja samráð starfshóps borgarstjórnar um fjármál borgarinnar sem mun hafa náið samstarf við ríkisstjórn, önnur sveitarfélög, stéttarfélög starfsfólks Reykjavíkurborgar og aðra viðsemjendur á vinnumarkaði er hins vegar ekki hafið. Ég hugsa að við borgarfulltrúi Svandís Svavarsdóttir mundum vita það ef það væri hafið vegna þess að við sitjum einmitt í hópnum.

Ég tek hins vegar undir andann í hans ræðu að verkefnið er brýnt. Það er mjög brýnt að setja fram nýja atvinnustefnu. Það var hins vegar ekki verkefni aðgerðahópsins en það getur hins vegar orðið það núna ef það verður niðurstaðan en miklu eðlilegra held ég að það sé að halda áfram stafi starfshóps um fjármálin eins og aðgerðaáætlunin gerir ráð fyrir og setja þetta í sérstakan farveg og ítreka það að það er boðað að leiða þá vinnu í anda þess sem borgarstjóri hefur sagt. Varðandi störf fyrri framtíðarhóps Samfylkingarinnar finnst mér borgarfulltrúi Óskar Bergsson seilast nokkuð langt í að tileinka honum stjórnarstefnuna síðustu árin því að eins og menn geta kynnt sér sjálfir inni á framtíð.is þá er það öðru nær. Þar eru sett hins vegar mjög framsýnar tillögur að umbótum og umbreytingum í samfélaginu sem þarf að vinna áfram að og er verið að vinna að af krafti í núverandi ríkisstjórn en líka varnaðarorð til að mynda hóps um nýtt jafnvægi í efnahagsmálum sem menn hefðu betur fylgt fyrr. Ég skil það svo að ræða borgarfulltrúa Óskars Bergssonar hafi nú fyrst og fremst verið einhver svona þrá eftir einhverju gamaldags hnútukasti í pólitík sem ég held að sé utan við efni þessa máls og sé fallið til þess að drepa þessum mikilvægu verkefnum á dreif og við ættum ekkert að vera að dvelja við.

Forseti: Borgarfulltrúi Dagur B. Eggertsson hefur lokið máli sínu. Þá hefur borgarfulltrúi Óskar Bergsson óskað eftir að veita andsvar.

Utan dagskrár

Óskar Bergsson: Virðulegi forseti, ágætu borgarfulltrúar. Bara svona til þess að loka þessari ágætu umræðu sem hér hefur farið fram þá hefur þessi tillaga verið tekin hér til umræðu og færð inn í aðgerðahópinn en til þess að eyða öllum misskilningi um það þá er aðgerðahópurinn ekki að fara að vinna á grunni þessarar tillögu. Þessi tillaga verður unnin á grunni aðgerðahópsins og sá grunnur var lagður í ágúst. Ef hægt er að vera með samlíkingu um byggingu þá stendur sú bygging ennþá yfir og þetta er einhvers konar skraut utan á henni en engan veginn undirstöðurnar. En því verður vel tekið og það er sjálfsagt að kalla til góðar hugmyndir og ég held að þessu hafi bara verið vel tekið og ég vænti þess að við eigum eftir að fylgja þessu máli eftir inn í aðgerðahópnum og útfæra þær tillögur á þeim vettvangi.

Það var svosem ekki beinlínis að það væri sérstök fortíðarhyggja eða nostalgía í því að ég beindi spjótum mínum að Samfylkingunni í þessum málum. Hins vegar gat ég í raun og veru ekki orða bundist þegar Samfylkingin talar um framtíðina og bendir á sinn framtíðarhóp. Fortíðin sem var þegar framtíðaráætlunin var sett á fót er nútíðin og veruleikinn í dag. Stjórnámálaflokkur sem setur fram fallega framtíðarsýn og selur fólki það, slíkir flokkar verða að standa undir nafni.

Samfylkingin boðaði Evrópustefnu fyrir síðustu kosningar. Hún var tilbúin að semja hana frá sér strax í aðildarviðræðum við ríkisstjórn. Hún talaði um fagra Ísland í kosningabaráttunni og gegn stóriðjustefnu. Stóriðjustopp. Hún var tilbúin að semja það frá sér þegar hún var komin í ríkisstjórn. Og í þessari ríkisstjórn er eins og Samfylkingin sé ennþá í stjórnarandstöðu inni í ríkisstjórn. Þess vegna, talandi um sýndarmennsku hér í sölum borgarstjórnar í dag, get ég hreinlega ekki orða bundist þegar málefni Samfylkingarinnar og framtíðardrauma hennar ber á góma.

Forseti: Borgarfulltrúi Óskar Bergsson hefur lokið við að veita andsvar. Fleiri hafa ekki kvatt sér hljóðs undir þessum dagskrárlið og það er tillaga um að þessari tillögu verði vísað til aðgerðahóps borgarráðs um fjármál borgarinnar. Þeir sem samþykkja það gefi merki. Tillagan er samþykkt með fjórtán atkvæðum. Þá verður tekinn fyrir liður númer tvö á útsendri dagskrá sem er umræða um áhrif

Bstj. 4. nóvember 2008

efnahagsástandsins á stöðu kynjanna. Þetta er að beiðni borgarfulltrúa Vinstri grænna og til máls tekur borgarfulltrúi Sóley Tómasdóttir.